



Námsgrein: Íslenska

Kennsluáðferðir og skipulag:

Íslenska er kennd fimm kennslustundir á viku ásamt einum svæðatíma. Nemendur vinna út frá hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá grunnskólanna.

Í hæfniviðmiðum er unnið í fjórum flokkum:

- *Talað mál, hlustun og áhorf*
- *Lestur og bókmenntir*
- *Ritun*
- *Málfræði*

Unnið er í hópum eða einstaklingslega eftir því sem best hentar. Áhersla er lögð á sem fjölbreyttasta kennsluhætti.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsefni	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf		
Nemendur geta:	<ul style="list-style-type: none">• upplestur á ljóðum og öðrum textum	Símat allan veturinn út frá hæfniviðmiðum þessa námsþáttar

<ul style="list-style-type: none"> • Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas. • Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni. • Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu. • Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. • Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar. • Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt 	<ul style="list-style-type: none"> • upplestur og umræða um fréttir og atburði líðandi stundar í samfélaginu • munnleg skil á verkefnum af ýmsu tagi • rökfærsluræður, með eða móti • frásagnir eftir lestur kjörbóka • ýmsar kynningar, orðaleikir, túlkun og tjáning • Ísland er land þitt-verkefni 	<p>til að fylgjast með framvindu nemenda.</p>
<p>Lestur og bókmenntir</p>		
<p>Nemendur geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. • Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. • Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og söguviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð. • Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. • Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því. 	<p>Neistar</p> <p>Með fjarðabliki</p> <p>Hrafnkels saga Freysgoða</p> <p>Korkusaga</p> <p>Útbrot</p>	<p>Lesfimiþróf eru í september, janúar og apríl til að kanna fjölda lesinna orða á mínútu hjá nemendum.</p> <p>Orðarún – staðlað lesskilningsþróf er lagt fyrir í október og apríl.</p> <p>Lesskilningsverkefni lögð fyrir jafnt og þétt yfir veturinn til að fylgjast með framvindu nemenda.</p> <p>Símat allan veturinn út frá hæfniviðmiðum þessa námsþáttar.</p>

<ul style="list-style-type: none"> • Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. • Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum. • Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. 		
Ritun		
<p>Nemendur geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær. • Beitt reglum um réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu. • Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann. • Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. • Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti. • Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ýmis styttri og lengri ritunarverkefni. • Heimildarritun. • Kjörbókaverkefni • Skapandi skrif 	<p>Símat allan veturinn út frá hæfniviðmiðum þessa námsþáttar.</p> <p>Regluleg skil á fjölbreyttum ritunarverkefnum yfir veturinn.</p>
Málfræði		
<p>Nemendur geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess. 	Gullvör	Hæfni nemenda metin eftir markvissa vinnu með ákveðna hæfnipætti í málfræði.

- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.

Málfræðikannanir.